

Skógrækt í landi Villingavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 4. febrúar 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Heartwood Afforested Land um Skógrækt í landi Villingavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skóga, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skógrækt í landi Villingavatns, Matsskyldufyrirspurn. Heartwood Afforested Land ehf. – Efla. 2. febrúar 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grímsnes- og Grafningshreppi dags. 6. mars 2025
- Fiskistofu dags. 10. mars 2025
- Hafrannsóknastofnun dags. 24. febrúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 10. mars 2025
- Landi og skógum dags. 7. mars 2025
- Landsneti dags. 21. febrúar 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 10. mars 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 10. mars 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 10. mars 2025
- Vegagerðinni dags. 10. mars 2025.

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun vegna málsins.


Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 20. mars 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi. Jörðin er um 1.700 ha að stærð og gert er ráð fyrir að rúmlega 1.300 ha þess lands verði nýttir til skógræktar. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta sípekjuskóg sem bindur kolefni, skapar timburnytjar og græðir upp raskað land. Miðað er við að gróðursetja 2.000 – 2.500 tré á hvern ha. Samtals er því gert ráð fyrir að 2,6 – 3,3 milljón tré verði gróðursett. Gróðursettur verður blandaður skógur með alaskaösp, greni, lerki eða furu og birki. Alaskaösp og greni vaxa tiltölulega hratt sem þýðir að þær binda kolefni hratt og skapa fyrr verðmætt timbur. Fura eða lerki eru aðallega hugsaðar sem stuðningstegundir þar sem þær þola betur rýr jarðvegsskilyrði. Góð reynsla er af ræktun lerkiblendingans Hryms á Íslandi en tegundin vex hratt í rýru landi og lifnar ekki of snemma á vorin, sem er góður kostur í



hlýnandi loftslagi. Ef ekki tekst að útveg Hrym verður í þess stað plantað furu. Birki verður aðallega gróðursett meðfram jöðrum, s.s. við árfarvegi og votlendi til að mýkja ásýnd.



Mynd 1. Áfangaskipting svæðisins og áætluð tegundasamsetning (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

Innan grænmerkту reitanna á mynd 1 verður gróðursettur blandaður skógur allra tegunda sem taldar voru upp hér að ofan. Ösp og greni verða með samanlagt 50-60% hlutdeild. Innan blámerkту reitanna er stefnan að gróðursetja lerki, sitkagreni og jafnvel hvítgreni, ásamt birki og litlu magni af ösp. Innan þessara reita er gert ráð fyrir nokkuð jöfnu hlutfalli milli tegunda.

Á skógræktarsvæðinu verða skilin eftir auð svæði meðfram árfarvegum, lækjum og gljúfrum (10-30 m), línuvegum (8m), raflínum (helgunarsvæði) og vinnuslóðum. Þannig er aðgengi um svæðið tryggt og land um leið brotið upp m.t.t. eldvarna og ásýndar. Eins verða helgunarsvæði virt í kringum fornminjar sem verið er að kortleggja. Viðbúið er af þeim sökum að land sem unnt verður að gróðursetja í fari undir 1.300 ha. Ekki er gert ráð fyrir girðingavinnu þar sem beitarþungi á svæðinu hefur minnkað mjög.

Gulmerkta svæðið á mynd 1 er yfir 400 m hæðarlínu og því eingöngu heimilt að nota innlendar tegundir samanber reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Hér



kann að verða stunduð landgræðsla ásamt sáningu birkifræja. Þetta svæði verður því litað af gisnum og óreglulegum birkiskógum sem mýkir ásynd efsta hluta jarðarinnar. Þetta svæði þekur um 200 ha. Rauðmerkta svæðið á myndinni teygir sig yfir 450 m hæð og eru engar framkvæmdir áætlaðar þar. Gróðursetning á að fara fram á árunum 2025-2030.

Notast verður við núverandi vegi þar sem að þeir eru til staðar. Línuvegir fylgja raflínum sem þvera framkvæmdasvæðið. Fjórhjól og önnur svipuð tæki verða notuð til að dreifa plöntum á þau svæði sem fjærst eru veginum. Ofar í landinu þar sem fjarlægðir frá línuvegum eru meiri er mögulega þörf á minniháttar vinnuslóðum. Áætluð lengd nýrra vinnuslóða er 4.420 m. Jarðvinnslu verður haldið í lágmarki og á rúmlega 80% svæðisins verður ekki þörf á jarðvinnslu vegna lítillar gróðurþekju. Þar mun gróðursetning annað hvort fara fram með handfleckun eða gróðursett verður beint í beran jarðveg samhliða sáningu stuðningsgróðurs og áburðargjafar. Inn á milli eru rúmlega 100 ha stór svæði sem að gæti verið þörf á véltækri jarðvinnslu, svo sem TTS flekkjun. Þessi svæði eru á láglandi og eru grasi vaxin með þykkri gróðurhulu.

Þar sem þörf er á verður um 10-15 g af tilbúnum áburði dreift á hverja plöntu að vori en ekki er gert ráð fyrir áburðargjöf á grónum svæðum. Miðað við fjölda trjáa sem gert er ráð fyrir að gróðursetja er hámarks magn áburðar 20-37 kg/ha eða 20-37 tonn alls.

Í umsögn Landsnets kemur fram að umræddir línuvegir í skýrslunni sem nota eigi við gróðursetningu, séu hluti af mannvirkjum fyrirtækisins. Í línuvegum séu á mörgum stöðum jarðskautsborðar fyrir línurnar en þeir megji ekki rofna. Vegirnir tryggi jafnframt greiðan aðgang að mannvirkjunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Landsnet leggi áherslu á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni ofangreindra háspennulína verði í fullu samráði við fyrirtækið og gerir kröfu um að fá áhættugreiningu verksins til umsagnar áður en það sé unnið. Framkvæmdir nærri flutningsvirki í rekstri Landsnets eru háðar leyfi fyrirtækisins.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að eingöngu sé verið að aka eftir línuvegum, engar framkvæmdir séu fyrirhugaðar á þeim eða annarskonar rask. Aðgengi að mannvirkjum frá línuvegum verði tryggt. Framkvæmdaraðili hyggst ekki ætla að planta innan veghelgunarsvæða raflína eða línuvega. Áratugir séu í að flytja þurfi grisjaða trjáboli burt af svæðinu. Ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum innan helgunarsvæðis og því krefjist framkvæmdin ekki slíks leyfis.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnafar og lífríki í vatni

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé vatnið Villingavatn, tjarnir og lækir. Syðri jaðar svæðisins sé aðliggjandi Þingvallavatni og svæðið sé innan vatnasviðs þess. Villingavatn sé 0,18 km² að stærð, fremur grunnt og urriði veiðist í vatninu. Úr vatninu rennur lækur í Þingvallavatn en Þingvallavatn er 84 km² að stærð og stærsta náttúrulega stöðuvatn á Íslandi. Fram kemur að í Þingvallavatni sé urriði og fjögur bleikjuafbrigði sem hafi þróast og aðlagast mismunandi fæðu og búsvæðum í vatninu. Framkvæmdasvæðið sé innan grunnvatnshlotsins Lyngdalsheiði 104-305-G og skv. vatnavefsjá sé umhverfismarkmið gott fyrir bæði magnstöðu og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins. Meðfram vestari jaðri svæðisins sé straumvatnshlotið Villingavatnsá 104-835-R/104-910-R og skv. vatnavefsjá sé umhverfismarkmið skráð mjög gott fyrir vistfræðilegt ástand og gott fyrir efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið fyrir stöðuvatnshlotið Þingvallavatn 104-2232-L sé skráð gott fyrir bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess.



Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila auki gróður almennt vatnsgæði með því að draga úr jarðvegsrofi og útskolun í ár og vötn. Efnaútskolun geti valdið ofauðgun næringarefna í vötnum sem geti leitt til röskunar á lífríki. Uppgræðsla á röskuðu landi auki jafnframt vatnsheldni jarðvegs og dragi þannig úr hættu á að mengun berist í grunnvatn eða vötn. Jarðvegsgerð á svæðinu umhverfis Þingvallavatn sé brúnjörð sem hafi almennt litla vatnsheldni. Aukin gróðurþekja komi því til með að draga úr hættu á því að óæskileg efni berist í vatn. Skógur auki magn lífræns efnis í ám og vötnum sem hafi jákvæð áhrif á lífríki vegna aukins fæðuframboðs. Áburðargjöf verði lítil og ætti ekki að hafa áhrif á vatn á svæðinu. Byggt á framangreindu sé það mat framkvæmdaraðila að skógræktin komi til með að hafa nokkuð jákvæð áhrif á vatnafar og lífríki í vatni og þar með engin neikvæð áhrif á þau vatnshlot sem svæðið taki til.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að það mætti bæta við upplýsingum um að auð svæði séu skilin eftir meðfram árfarvegum, lækjum og gljúfrum til að hindra það að skugga sé varpað á vatnsföll sem annars geti haft áhrif á varmainngeislun vatnsins, sem sé mikilvægt fyrir lífríkið og hækki hitastig árvatnsins á vaxtartíma lífvera. Skuggaáhrif skóga sé óæskilegur fylgifiskur skógræktar sérstaklega á norðlægum breiddargráðum þar sem sólin sé lágt á lofti. Fjalla þurfi sérstaklega um hvort að hætta sé á að starfsemin valdi slíkum skuggaáhrifum, sérstaklega við Villingavatnsá og Villingavatn þar sem skógur muni vaxa í 10-30 m fjarlægð. Stofnunin bendi einnig á að það vanti frekari umfjöllun um magn efnaútskolunar vegna starfseminnar og hvort einhver hætta sé á ofauðgun næringarefna í vötnum frá starfseminni. Einnig vanti upplýsingar um hvort að gripið verði til einhverra ráða þegar sjálfssáning á sér stað með farvegum vatnsfalla og vötnum, en gæta þurfi þess að nærri árfarvegum og vötnum verði notaðar trjátegundir sem ekki hafi mikla sjálfssáningu í för með sér.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili áætli að planta birki næst árbökkum og vötnum, en birki sé bæði innlend tegund og ekki jafn hávaxin og önnur skógartré. Villingavatnsá renni meðfram vesturjaðri svæðisins og tré því eingöngu öðru megin við ána. Með meira skjóli og vatnsgæðum, jafnara vatnafari og auknu lífríki meðfram ánni muni heildaráhrif á Villingavatnsá verða töluvert jákvæð. Skuggaáhrif verði því óveruleg. Ef plöntur sái sér nálægt árfarvegum þannig að þær hafi neikvæð áhrif á aðgengi að vötnum eða þannig að þær geti haft skaðleg áhrif á lífríki vatns verði þær fjarlægðar. Fram kemur að aðeins sé áætluð ein stök áburðargjöf þ.e. strax eða fljótlega eftir að planta sé gróðursett. Miðað við magn áburðar sé efnaútskolun lítil og ekki talin hætta á ofauðgun í straum- eða stöðuvötnum Framkvæmdaraðili telji því litla hættu á að áburður hafi neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka sem áhrif geti haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði séu háðar leyfi Fiskistofu sbr. lög um lax- og silungsveiði. Stofnunin hvetji jafnframt til þess að farið verði eftir þeim leiðbeiningum og athugasemdum sem komi fram í umsögn Hafrannsóknastofnunar, en Fiskistofa líti til athugasemda Hafró við ákvarðanatöku hvort leyfi til framkvæmda verði mögulega veitt.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að ekki sé minnst á að framkvæmdin sé í næsta nágrenni við neysluvatnsból. Embættið bendi jafnframt á að í aðalskipulagi séu aðeins skilgreind grannsvæði og brunnsvæði umhverfis vatnsbólin, en ekki fjarsvæði þeirra eins og þó sé áskilið í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þrátt fyrir að fjarsvæðin séu ekki afmörkuð um umrædd vatnsból megi leiða að því líkum að framkvæmdin sé a.m.k. að hluta til innan fjarsvæðis vatnsverndar fyrir ofangreind vatnsból.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að vatnsból VB5 sé í fjöllunum hinu megin við Villingavatnsá, undir hlíðum Súluþells en vatn af skógræktarsvæðinu renni ekki þangað. Sama megi segja um VB25 en það vatnsból sé Úlfliótsvatns megin, við Úlfliótsvatnsfjall og hinu megin við vatnaskilin.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að barrskógar geti haft áhrif á efnasamsetningu jarðvegs og haft áhrif á efnabúskap Þingvallavatns. Barrskógar geri jarðveg súran þar sem ál fer í



upplausn og eyðileggi gróður og dýralíf, þar á meðal fiskklak. Hvaða áhrif þetta geti haft á líffræðilegan fjölbreytni Þingvallavatns sé ekki vitað en í vatninu séu einlendar marflóategundir sem finnast hvergi annarsstaðar í heiminum, auk sérstakra bleikjuafbrigða sem séu einstök á heimsmælikvarða. Mikilvægt sé að möguleg áhrif svo umfangsmikillar skógræktar og framandi tegunda á bökkum Þingvallavatns verði skoðuð vandlega. Skoða þurfi áhrif á efnasamsetningu vatnsins sem og fjölbreytni lífs, bæði innan og á milli tegunda. Í ljósi ofangreinds geti stofnunin ekki tekið undir niðurstöðu framkvæmdaraðila að skógræktin komi til með að hafa nokkuð jákvæð áhrif og engin neikvæð áhrif á þau vatnshlot sem svæðið taki til.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að útskolun niturs og annarra efna minnki við aukna skógarþekju. Það sé helst yfirborð jarðvegsins og feyrulagið sem súrni vegna aukins magns lífræns efnis. Vatn frá skógræktarsvæðinu renni í Þingvallavatn á syðsta punkti nálægt útfallinu og sé mjög lítið hlutfall af heildarvatnasviði vatnsins. Þannig að jafnvel þótt einhver hættu verði á útskolun eða súrnun vegna fyrirhugaðrar skógræktar í Villingavatni, myndi útskolun ekki enda í Þingvallavatni í nægilegu magni til að ógna einstöku vistkerfi þess. Framkvæmdaraðili sjái enga ástæðu til að framkvæmda enn frekari rannsóknir þar sem áhrif skógræktar á vatnalíf séu hlutlaus til jákvæð.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að svæðið sé innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns, en um það gildi lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í lögnum komi fram að innan verndarsvæðisins sé óheimilt að gera nokkuð það sem spillt geti vatni eða mengað það, bæði yfirborðs- og grunnvatn. Einnig sé á fyrirhuguðu skógræktarsvæði vatnsverndarsvæði þ.e. fjarsvæði og svæðið liggja upp við bæði grann- og brunnsvæði. Stofnunin bendi á að skoða ætti málið í samhengi við þetta og mögulega mengun á vatni vegna notkun áburðar eða þess háttar en um 20-37 tonn af áburði verði notuð. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og reglugerð um varnir gegn mengun hafs og stranda telji stofnunin mikilvægt að áhrifamat á vatnshlot svæðisins liggja fyrir við mat verkefnisins.

Í svari framkvæmdaraðili kemur fram að áhrifamat vatnshlota verði unnið áður en sótt verði um leyfi fyrir framkvæmdunum.

Gróður og líffræðilegur fjölbreytileiki

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að á milli 80-90% jarðarinnar komi til með að nýtast til skógræktar. Helstu vistlendi á jörðinni séu 52% moslendi, 21% mólendi, 9% melar og sandar og 9% votlendi. Lítt raskað votlendi sé innan svæðisins einkum við Villingavatn en stór hluti skógræktarsvæðisins sé lítt gróinn og virkt jarðvegsrof sé á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að jarðvegsrof muni halda áfram og jafnvel aukast við óbreytt óstand. Nú þegar séu skógræktarsvæði á jörðunum beggja vegna framkvæmdasvæðisins og þar hafi góður árangur náðst í endurheimt landgæða með skógrækt.

Algengast vistgerðin innan framkvæmdasvæðisins sé hraungamburvist sem þeki um helming svæðisins. Verndargildi vistgerðarinnar sé lágt. Næst algengust sé lyngmóavist á láglendi sem þeki um 10% af svæðinu og verndargildi hennar sé metið hátt. Vistgerðin sé á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Starungsmýravist þeki um 7% af svæðinu og verndargildi vistgerðarinnar sé mjög hátt og einnig á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar.

Skógrækt í landi Villingavatns komi til með að hafa áhrif á vistgerðir og gróður á svæðinu þar sem að skóglendi komi í stað moslendis og mólendis. Á stórum hluta svæðisins sé þó verið að græða upp land sem nú sé gróðurlítið og illa farið af rofi. Ekki verði gróðursett í votlendi.

Fram kemur að þar sem fyrirhugað skógræktarsvæði sé rofið megi reikna með tegundaauðgi á svæðinu með tilkomu skógar. Tegundaauðgi sé einn af meginþáttum líffræðilegrar fjölbreytni og því megi ætla að líffræðilegur fjölbreytileiki aukist á svæðinu samhliða því sem landgæði verði endurheimt.



Að teknu tilliti til þess að stór hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé lítt gróinn og þar sé jarðvegsrof sem áætlað sé að hefta og græða upp, og að ekki verði gróðursett í votlendi sé talið að fyrirhuguð skógrækt muni hafa talsvert jákvæð áhrif á gróður, gróðurhulu og líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum, en bent hafi verið á í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna að aðgerðir sem feli í sér kolefnisbindingu með lífmassa svo sem skógrækt geti verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar séu framandi ágengar tegundir líkt og tilfellið geti verið með stafafuru og sitkagreni. Æskilegast væri að eingöngu væru notaðar innlendar trjategundir til gróðursetningar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ef notkun stafafuru verði takmörkuð eða bönnuð í skógrækt vegna þess að hún verði skilgreind sem ágeng tegund muni framkvæmdaraðili fylgja lögum og reglum og haga plöntun í samræmi við það. Innlendar trjategundir skapi ekki þau verðmæti sem framkvæmdaraðili hyggst skapa með verkefninu.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að þó að hraungambravist sé í miklum meirihluta á svæðinu megi nefna að innan þess, sér í lagi norðan Grafningsveggar, finnist starungsmýravist og língresis- og vingulvist sem séu með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Fleiri vistgerðir finnist innan svæðisins sem séu einnig á listanum og með mjög hátt verndargildi svo sem runnamýravist á láglandi og lyngmóavist á láglandi.

Í svari framkvæmdaraðili kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst ekki planta í votlendi en umræddar vistgerðir séu einkum í votlendinu umhverfis Villingavatn. Það sé auk þess eina svæðið sem sé ekki skráð rofið.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að í skógrækt á Íslandi ætti að leitast við að nota innlendar trjategundir, t.a.m. ilmbjörk, reynivið, blæösp, gulvíði og loðvíði. Stofnunin bendi á að mikilvægt sé að eiga samráð við t.a.m. Land og skóg varðandi þessi málefni. Aðgát skal höfð við gróðursetningu furu í skógrækt sem sé erlend tegund. Í nýlegri íslenskri langtímarannsókn á stafafuru sem var gróðursett í Steindal um miðja 20 öld komi fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Náttúruverndarstofnun telji að framkvæmdin sé líkleg til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum og framkvæma eigi mat á umhverfisáhrifum vegna hennar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þær tegundir sem Náttúruverndarstofnun nefnir, uppfylli ekki skilyrði og þeirri afurð sem framkvæmdaraðili sækist eftir. Framkvæmdaraðili hafi ekki fundið neinar reglur eða leiðbeiningar sem að skilyrða skógrækt á Íslandi við innlendar tegundir. Framkvæmdaraðili viti ekki betur en að þær tegundir sem hann ætli sér að nota, séu leyfilegar í skógrækt á Íslandi skv. gildandi lögum og reglum. Land og skógur komi inn á það í sinni umsögn að þessi framkvæmd sé útfærð á svipaða hátt og þau skógræktaráform sem stofnunin sjálf hafi hönd í bagga með. Fram kemur að rannsóknir bendi til þess að stafafura dreifi einkum úr sér á beru og rofnu landi en sjálfssáning í grónu landi eigi sér stað í mun minna mæli.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gera megi ráð fyrir að mófuglar séu ríkjandi innan framkvæmdasvæðisins. Hraungambravist þeki um helming svæðisins og fuglalíf innan hennar sé nokkurt, þar séu heiðlóa og spói algengustu tegundirnar. Þá séu votlendi, vötn og tjarnir innan svæðisins almennt rík af fuglalífi og ýmsar tegundir vaðfugla nýti sér svæðisins til varps auk annarra tegunda. Einnig megi reikna með því að á svæðinu finnist þúfuttittlingar og rjúpur.

Aðliggjandi svæði séu skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði þ.e. Sogið-Þingvallavatn og Suðurlandsundirlendið. Sogið-Þingvallavatn teljist sem alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima á varp-



og fartíma og húsönd og gulönd yfir vetrartímann. Á svæðinu séu hátt í 10 himbrimaóðul. Framangreindar tegundir séu vatnafuglar og skógræktin muni ekki hafa áhrif á búsvæði þeirra né lífshætti. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að skógar séu mikilvægustu búsvæði í heiminum og 77% tegunda lifi í skógum. Með tilkomu skógar á svæðinu megi gera ráð fyrir að tegundarsamsetning breytist, mófuglum fækki en spörfuglum og öðrum tegundum sem lifi í skógi fjölgi. Fyrirhuguð skógrækt mun skerða varpsvæði mófugla t.d. heiðlóu og spóa en þær tegundir teljast til ábyrgðartegunda á Íslandi vegna þess hve hátt hlutfall þeirra verpir eða fari um landið á fartíma. Hins vegar sé gróður rýr á stórum hluta svæðisins og líklegt að fuglalíf sé einnig rýrt. Ekki verði gróðursett í votlendi eða meðfram vötnum sbr. ákvæði aðalskipulags, en skógræktin geti haft óbein áhrif á þessi svæði s.s. með myndun skjóls, auknu fæðuframboði og minni sveiflum í vatnsyfirborði. Skógræktarsvæði séu á jörðunum beggja vegna Villingavatns og fyrirhuguð skógrækt komi til með að tengja þau saman og skapa samfellu í vistkerfi og búsvæðum fyrir þá fugla sem þar séu. Framkvæmdaraðili telji áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fuglalíf nokkuð jákvæð.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að það megi gera ráð fyrir háum þéttleika vaðfugla á svæðinu m.t.t. landhalla og vistgerða. Vaðfuglaríku svæði ætti að mati stofnunarinnar ekki að umbreyta í skóg þar sem það feli í sér búsvæðatap þar sem vaðfuglar þrífist ekki í skógum og gangi í berhögg við alþjóðlega samninga sem Ísland sé aðili að. Skógrækt feli ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hafi það einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsi sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla sé lægri þegar nær dragi skóginum en fjær. Þeir vaðfuglar sem hér finnast teljast langflestir til ábyrgðartegunda Íslands sökum þess hve stór hluti þeirra verpi hérlandis. Stofnunin leggi á það áherslu að síaukið búsvæðatap vaðfugla muni með tímanum leiða til fækkunar í stofnum þeirra. Ekki sé hægt að gera ráð fyrir að fuglarnir geti einfaldlega fært sig eitthvert annað þar sem gera megi ráð fyrir að flest ákjósanleg búsvæði séu nú þegar setin af fuglum. Þá séu flestir vaðfuglar mjög áttahagatryggir sem geri þeim erfiðara fyrir að þurfa að fóta sig á nýjum óþekktum slóðum. Stofnunin bendi á að vart hafi orðið við fækkun hjá nokkrum tegundum vaðfugla sem muni lenda á valista við næstu uppfærslu listans. Stofnunin telur að undanskilja ætti svæði 3 og 4 í ræktunaráætlun og nærtækara væri að fylla upp í skurði en slík aðgerð myndi einnig samræmast vel markmiðum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Hvað aðra hluta svæðisins varði ætti sú framkvæmd tvímælalaust að fara í umhverfismat vegna stærðar svæðisins og umfangs skógræktaráformanna, um sé að ræða breytingar á gróðurfari og landslagi á stóru svæði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að á svæði 3 sé mikið til tún og nyrsti hluti á svæði 4 sé töluvert rofinn með ósamfelldri gróðurhulu. Rétt sé að óhjákvæmilega muni vissar tegundir vaðfugla tapa búsvæðum sínum eftir því sem skógurinn vaxi upp, einkum heiðlóa og spói. Rannsóknir á sambærilegum vistgerðum vegna Gjábankavegar í um 9 km fjarlægð gefi til kynna að þéttleiki þeirra sé um 20-28 pör/ km² af heiðlóu og 7-10 pör/km² af spóa. Krafa um frekari rannsóknir vegna gróðurfars- og landslagsbreytinga í kjölfar skógræktar á illa förnu landi þar sem ríkjandi vistgerð sé hraungambravist, telji framkvæmdaraðili fram úr meðalhófi, íþyngjandi og með litlum ávinningi þar sem ljóst sé hver áhrifin verði þ.e. breytingar úr rofnu landi með lélega gróðurþekju yfir í blandaðan skóg. Skógrækt sé stunduð á jörðunum beggja vegna við Villingavatn og nokkuð sé um skógrækt allan hringinn í kringum Þingvallavatn. Einnig sé stutt í Grímsnesið sem sé nánast orðið hulið trjágróðri. Áhrifin á landslag séu því ekki frábrugðin því sem sé allt í kring, né óþekkt. Óljóst sé hverju frekari rannsóknir ættu að skila, umfram það sem nú þegar liggja fyrir um skógrækt á Íslandi og nágrenni. Landslag eða náttúrufar jarðarinnar njóti engar sérstakrar verndar, sé utan mikilvægra fuglasvæða og þakið næstalgengustu vistgerð landsins og fyrir liggja upplýsingar úr nokkrum rannsóknum um fuglategundir og þéttleika í sömu vistgerð í nágrenninu.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að fuglatalningar á Suðurlandi sýni marktæka fækkun spóa og heiðlóu á svæðinu sem og annarra tegunda eins og lóupræls og þúfuttillings. Ekki sé vitað hvað valdi fækkuninni en það kann að vera merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla. Framkvæmdasvæðið liggja einnig við Sogið-Þingvallavatn



sem sé alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði fyrir himbrima, húsönd og gulönd. Rannsóknir sýni að vaðfuglar sem búa sér til hreiður á jörðu niðri dvelji og verpi í minni þéttleika í návist ræktaðra skóga en í svipuðum vistgerðum þar sem skógar hafi ekki verið ræktaðir. Því hafi skógrækt víðtækari áhrif á búsvæði og atferli fugla en skógræktarsvæðið sjálft nái til. Margar af þessum vaðfuglategundum séu ábyrgðartegundir Íslands. Að mati stofnunarinnar sé þarft að meta áhrif skógræktarinnar á fuglategundaauði, búsvæði og far- og aðflugsleiðir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að það sé þó óhjákvæmilegt að breytingar verði á fuglalífi. En heildarfjöldi fuglategunda og einstaklinga muni líklega aukast. Líffræðileg fjölbreytni svæðisins muni breytast en ekki minnka. Vissar tegundir, einkum heiðlóa og spói, muni hörfa en þau áhrif séu staðbundin. Stofnar þessara tegunda sé metnir 250.000-300.000 varppör þannig að skógræktin hafi hverfandi áhrif á stofnstærð þessara fuglategunda. Framkvæmdaraðili telji ekki þörf á frekari rannsóknum.

Fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir liggi skýrslur Fornleifastofnunar Íslands frá árinu 1998 og 2018 þar sem m.a. sé gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Villingavatni. Þörf sé á endurskráningu fornminja í samræmi við lög um menningarminjar en skv. lögunum þurfi að mæla upp og staðsetja fornminjar á vettvangi og færa inn á uppdrátt. Framkvæmdaraðili hafi falið fyrirtækinu Antikva til að sjá um endurskráningu og gert sé ráð fyrir að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir vorið 2025. Við áætlanagerð verði tekið tillit til skráðra fornleifa á skógræktarsvæðinu og minjar tilgreindar í skógræktaráætlun ásamt 15 m verndarsvæði umhverfis þær.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að þar sem fornleifaskráningu sé ekki lokið þá telji Minjastofnun ómögulegt að svo stöddu að leggja mat á áhrif hinnar fyrirhuguðu skógræktar á minjar á svæðinu. Stofnunin komi því ekki til með að taka afstöðu til skógræktarinnar fyrr en skráning liggi fyrir.

Landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skógrækt komi til með að breyta landslagi og ásynd landsins og með tilkomu skógar muni útsýni af svæðinu skerðast, sjónlengdir stytast og víðsýni minnka. Reikna megi með að 15-25 árum eftir gróðursetningu hafi hæstu tré náð þeirri hæð að þau séu farin að hafa áhrif á útsýni á svæðinu. Skógræktin sé ekki talin skerða útsýni frá öðrum svæðum en landinu sjálfu. Engir merkir útsýnisstaðir séu innan jarðarinnar og nú þegar sé öflugur gróður með hávöxnum trjám umhverfis frístundahús nærri Þingvallavatni. Útsýni við Þingvallavatn einkennist því nú þegar af trjám og skógi. Það er mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð framkvæmd sé líkleg til að hafa óveruleg áhrif á landslag og ásynd.

Loftslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þegar skógurinn vaxi upp komi hann til með að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu en það er sú gróðurhúsalofttegund sem hafi mest áhrif á hnattræna hlýnun. Kolefnisbindingin sé háð þeirri trjategund sem gróðursett sé og öðrum þáttum eins og staðsetningu í landinu, landgerð á svæðinu, áburðagjöf, mögulegri jarðvinnslu, skjólfari o.fl. Þar sem gróður sé almennt rýr í landinu og jarðvegsrof virkt megi áætla að við óbreytt ástand fari kolefnisforði minnkandi á svæðinu. Landgræðsla, endurheimt jarðvegsgæða og ræktun þróttmikilla skóga sé líkleg til að skila umtalsvert meiri bindingu koltvísýrings miðað við núverandi ástand ásamt fleiri jákvæðum þáttum. Óháðir vottunaraðilar muni vakta kolefnisbindingu. Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á loftslag séu verulega jákvæð.

Náttúrufræðistofnun bendir á í umsögn sinni að vísindamenn hafi varað við þeirri áherslu sem lögð hefur verið á skógrækt til kolefnisbindingar á norðurslóðum. Meðal annars hafi ítrekað verið bent á að svokallað albedo (hlutfall sólargeislunar sem yfirborð jarðar geti endurvarpað) geti stórlega



dregið úr ávinningi skógræktar á norðlægum slóðum til að sporna við hlýnun jarðar þar sem skógarþekjan endurvarpi sólargeislun síður en opið land. Við ákveðnar aðstæður geti skógrækt meira að segja haft gagnstæð áhrif á loftslag þ.e. valdið frekar hlýnun fremur en kælingu. Fyrir skógræktarsvæði, einkum þau sem ætluð séu til kolefnisbindingar ætti að gera kröfu um að fyrir liggi upplýsingar um grunnástand lands sem felist m.a. í vistgerðarkortlagningu, mælingum á hversu mikið kolefni sé nú þegar bundið í jarðvegi og gróðri, mælingum á endurvarpi sólargeislunar og úttekt á líffræðilegri fjölbreytni innan svæðisins m.a. fuglalífi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknin sem Náttúrufræðistofnun vitni til varðandi albedo áhrifa sé mjög almenn einföldun og nái yfir allan hnöttinn. Líkanið taki ekki til annarra breyta heldur en endurskinshæfni enda hafi það ekki verið tilgangur þess. Ekki sé tekið tillit til t.a.m. skuggamyndunar, uppgufunar o.s.frv. Það sé því ekkert sem bendi til þess að skógrækt á Íslandi sé að auka hlýnun jarðar, hvorki hnattrænt né staðbundið. Rannsóknir fyrir mismunandi tegundir jarðvegs hafi verið gerðar hér á landi og rétt sé að nýta fyrirbyggjandi gögn ef framkvæmdin færi í umhverfismatsferli. Að krefjast rannsókna fyrir hvert einasta verkefni fari fram úr meðalhófi og sé íþyngjandi krafa.

Verndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að Þingvallavatn og Villingavatn séu á náttúruminjaskrá og njóti verndar náttúruverndarlaga. Auk þess njóti Þingvallavatn verndar skv. lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess en tilgangur laganna sé að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Að auki sé Þingvallavatn ásamt bökkum þess hverfisverndað (HV24) í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan vatnasviðs Þingvallavatns og innan þess svæðis sé skv. lögum óheimilt að gera nokkuð sem spillt geti vatni eða mengað það. Syðsti hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis sé einnig innan hverfisverndarsvæðis Hengilssvæðis (HV4) en svæðið sé um 8% af fyrirhuguðu skógræktarsvæði, Hengilssvæðið sé einnig á C-hluta náttúruminjaskrár vegna t.a.m. jarðhita. Auk þessa sé hluti svæðisins innan B- og C- hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi og ferskvatnsvistgerða.

Ofangreind vernd snúi að vatnsgæðum, lífríki vatns, fuglalífi, jarðmyndunum, vistgerðum, landslagi og ásýnd. Almennt hafi skógur jákvæð áhrif á vatnsgæði, fæðuframboð í vatni og vatnsbúskap. Landslag og ásýnd muni breytast með tilkomu skógar innan svæðisins en hinsvegar séu engir merktir útsýnisstaðir innan jarðarinnar og muni skógræktin ekki hafa áhrif á útsýni þeirra sem þar dvelji t.a.m. í frístundahúsum nærri Þingvallavatni. Byggt á ofangreindu sé það mat framkvæmdaraðila að skógræktin muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði innan framkvæmdarsvæðisins.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins séu vistkerfi sem falli undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga s.s. votlendi og stöðuvötn og ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Þó að það komi fram í greinargerðinni að ekki verði gróðursett í votlendi þá geti rask í nærumhverfi votlendis haft áhrif á það t.d. valdið þurrkáhreifum. Mikilvægt sé að sýna ýtrustu aðgát þegar unnið sé í nágrenni votlendis. Sömuleiðis geti sjálfsáning átt sér stað í votlendu. Mikilvægt sé að taka tillit til allrar þeirrar náttúruverndar sem sé í gildi á framkvæmdasvæðinu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Villingavatn og votlendið þar í kring sé í dæld þangað sem vatn eigi greiðan aðgang. Skógar og tré viðhaldi raka betur í jarðvegi svo óljóst sé hvaðan þessi staðhæfing með þurrkáhreif komi. Við skógrækt í nálægð við votlendi á öðrum stöðum á landinu hafi það sýnt sig að votlendi þurrkist ekki upp og í raun séu engin dæmi um að tré hafi þurrt upp nálægt votlendu. Fram kemur að plöntun trjáa á fyrirhuguðu svæði sé ekki talið hafa áhrif á verndargildi Hengilssvæðisins sem nái yfir mjög stórt svæði. Við Þingvallavatn og Sog verði engin neikvæð áhrif á verndargildi vatnsins með framkvæmdunum en verndin felist í vatnsgæðum og



lífríki. Frekar hafi framkvæmdin jákvæð áhrif, þó þau séu að mestu bundin við Villingavatnsá þar sem skógræktin nái yfir svo lítið brot af vatnasviði Þingvallvatns.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmdasvæði í landi Villingavatns er skilgreint sem *landbúnaðarsvæði (L2)* og *óbyggð svæði (ÓB1)* í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi L2 og L3 og á óbyggðu svæði er heimilt að stunda landgræðslu og endurheimt landgæða. Syðsti hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis *Hengilssvæðið (HV4)* og allt svæðið er innan varúðarsvæðis eða svæðis með aðrar takmarkanir, *vernd vatnasviðs Þingvallavatns (VA2)*. Frístundabyggð (F6) er skilgreind meðfram Þingvallavatni á aðalskipulagi sveitarfélagsins og í gildi er deiliskipulag vegna frístundabyggðar innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.

Í umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps kemur fram að gert sé ráð fyrir að svæði umfram 200 ha og stærri skuli almennt skilgreind sem skógræktarsvæði í aðalskipulagi og eftir atvikum minni svæði, þar sem um sé að ræða samningsbundna eða skipulagða skógrækt s.s. til kolefnisbindingar. Viðkomandi áætlanir sem tiltekna séu innan matsskyldufyrirspurnar séu því í öllum tilfellum háðar breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið skal skilgreint sem skógræktarsvæði og eftir atvikum gerð deiliskipulags sem taki til einstakra framkvæmdaheimilda auk útgáfu framkvæmdaleyfis. Að ofansögðu kallar fyrirhuguð framkvæmd á breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 og gerð deiliskipulags.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps skv. skipulagslögum og einnig leyfi frá Fiskistofu skv. lögum og lax- og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Um er að ræða skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi á um 1300 ha svæði og er miðað við að gróðursetja 2.000 – 2.500 tré á hvern ha. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, úrgangsmýndunar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangsmiklar skógræktarframkvæmdir á stóru svæði þar sem gert er ráð fyrir að gróðursetja um þrjár milljónir trjáa í heildina. Leggja á áherslu á greni og ösp en þær tegundir eru tiltölulega hraðvaxta og binda þar með kolefni hratt en einnig er gert ráð fyrir að gróðursetja furu og/eða lerk. Þá á að gróðursetja birki meðfram jöðrum, s.s. við árfarvegi og votlendi. Gert er ráð fyrir að halda jarðvinnslu við gróðursetningu í lágmarki en þörf verður að leggja alls um 5 km langa



vegslóða um framkvæmdasvæðið. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis á náttúruvinnuskrá og við Þingvallavatn sem nýtur verndar skv. lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess en tilgangur laganna er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðsins. Að auki er Þingvallavatn ásamt bökkum þess hverfisverndað (HV24) í aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps. Þá er syðsti hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis einnig innan hverfisverndarsvæðis Hengilssvæðisins. Ennfremur eru innan framkvæmdasvæðisins vistkerfi sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd, s.s. votlendi og stöðuvötn.

Skipulagsstofnun telur að þegar horft er til umfangs fyrirhugaðra framkvæmda og staðsetningar, m.a. þeirra verndarákvæða sem taka til framkvæmdasvæðisins, sé ljóst að beita beri varúðarnálgun og afla frekari upplýsinga og gera þarf ráð fyrir að gerð verði nánari greining og mat á mögulegum áhrifum framkvæmdanna. Þannig liggur fyrir að gera þarf áhrifamat á vatnshlot innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og reglugerð um varnir gegn mengun hafs og stranda í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar¹. Horfa ber til þess að að framkvæmdasvæðið er innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns sem nýtur verndar skv. sérlögum og þar kemur fram að óheimilt sé að gera nokkuð innan þess sem spillt geti vatni eða mengað það. Ekki er ljóst hvort að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að hafa neikvæð áhrif á yfirborðsvatn og vatnshlot. Þá liggur fyrir að með tilkomu skógar á svæðinu má gera ráð fyrir að tegundasamsetning fugla breytist og kann m.a. heiðlóu og spóa, sem eru mófuglategundir og sem teljast til ábyrgðartegunda á Íslandi, að fækka auk þess sem Náttúrufræðistofnun hefur bent á að gera megi ráð fyrir háum þéttleika vaðfugla á svæðinu en vaðfuglaríku svæði ætti, að mati stofnunarinnar, ekki að umbreyta í skóglendi. Ljóst er að ekki liggja fyrir athuganir á fuglalífi og hefur stofnunin bent á að upplýsingar vanti um áhrif skógræktarinnar á fuglategundaauðgi, búsvæði og far- og aðflugsleiðir. Í ljósi ofangreinds þarf að fara fram nánari greining og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf. Framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir að trjáam verði plantað í votlendi sem er að finna innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en fyrst og fremst í mólendi og moslendi. Náttúruverndarstofnun hefur bent á möguleg óbein áhrif á votlendi vegna skógræktar sem að mati Skipulagsstofnunar þarfnast nánari skoðunar og mats. Þá liggur fyrir að fornleifaskráningu framkvæmdasvæðisins er ekki lokið og því ekki unnt að leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á minjar á svæðinu. Auk þessa er ljóst að fyrirhuguð skógrækt kann að leiða til mikilla breytinga á landslagi og yfirbragði svæðisins sem kallar á nánari greiningu og mat.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. maí 2025.

Reykjavík, 11. apríl 2025,

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

¹<https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

